

M-35/2013 Álit 22. október 2013

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. október 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-35/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa. Í álitsbeiðni kemur m.a. fram að hinn 17. ágúst 2012 keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni iPhone 4s í versluninni Z, sem rekin er af Y, fyrir kr. 114.990. Hinn 22. september 2012 bilaði síminn og fór álitsbeiðandi með hann í verslun A. Þar var tekið við símanum og hann sendur til B sem áframsendi símann til Epli.is, en síðarnefndi aðilinn er viðurkenndur þjónustuaðili Apple á Íslandi. Reyndist síminn haldinn galla sem framleiðandi tók ábyrgð á og fékk álitsbeiðandi í kjölfarið afhentan nýjan síma sömu gerðar hinn 19. október. Samkvæm upplýsingum frá A tekur fyrirtækið við farsímum þó þeir séu ekki keyptir hjá A og sendir þau til sinna þjónustuaðila. Hinn 30. október bilaði sími álitsbeiðanda aftur. Samkvæmt upplýsingum frá A var álitsbeiðanda gerð grein fyrir því að síminn hans yrði sendur til Epli, viðurkennds viðgerðaraðila fyrir Apple á Íslandi og að sá aðili muni skoða símtækið. Aftur fær álitsbeiðandi afhentan nýjan síma hinn 20. nóvember 2012. Hinn 18. janúar 2013 bilar sími álitsbeiðanda í þriðja sinn. Fer álitsbeiðandi aftur með símann til A sem áframsendir símann aftur til B. Í það skiptið er síminn opnaður og í ljós kemur að átt hefur verið við símann, þ.e. að fingraför eru innan í símanum. Við þetta hafi ábyrgð framleiðanda á símanum fallið úr gildi og því fékkst ekki nýr sími frá honum. Sat álitsbeiðandi því uppi með bilaðan síma sem hann kannast ekki við að hafa átt við, þ.e. opnað. Þá eru álitsbeiðandi og A ósammála um það hvort fram hafi komið hvert síminn yrði sendur þegar A tók við honum, þ.e. hvort hann yrði sendur til Y, sem seldi álitsbeiðanda símann, eða til B sem þjónusti A. Álitsbeiðandi telur að með háttsemi sinni hafi A eyðilagt ábyrgð seljanda á símanum, enda sé hann nú með allt annan síma undir höndum en hann keypti af Y og getur hann því ekki gert kröfu á þann aðila um úrbætur á símanum.

II

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um þá þjónustu sem A veitti álitsbeiðanda með því að taka við símtæki hans til viðgerðar, þrátt fyrir að síminn hefði ekki verið keyptur af A, sem hafði síðan í för með sér að möguleiki álitsbeiðanda á að bera fyrir sig galla við seljanda símans varð að engu.

Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er kveðið á um það til hverrar þjónustu lögin ná og segir um það eftirfarandi í 1. gr. laganna:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á

landi,

3. geymslu á lausafjármunum,

4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Álitsbeiðandi greiddi ekki fyrir þjónustu A og var þjónusta síðarnefnda aðilans í raun umfram skyldu hans enda ekkert samningssamband milli álitsbeiðanda og A til staðar hvað varðaði síma álitsbeiðanda. Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum þykir kæruneftndinni ljóst að samskipti aðila falla ekki undir þjónustukaupalögin og ekki verður heldur séð að þau falli undir lög um lausafjárkaup eða neytendakaup. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni þrátt fyrir að háttsemi A hafi mögulega valdið álitsbeiðanda tjóni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir